

Nd. 326. Frumvarp til laga [141. mál]

um breyting á lögum nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

2. málslíður 8. gr. laganna orðist svo:

Til þessarar deildar ganga frá 1. janúar 1951 15% af tekjum fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni atvinnuáráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Eins og alkunnugt er, þá er lánsfjárbörf sjávarútvegsins mjög brýn á ýmsum sviðum, en einkum kreppir nú að í þessum efnum um fjáröflun til kaupa á nýjum aflvélum, þar sem margir bátar eru nú óstarfhæfir vegna vélaleysis. Deild sú, sem um ræðir í 8. gr. laganna, hefur nú eignast nokkurn höfuðstól, og þykir því mega lækka framlög til hennar úr 33 $\frac{1}{3}$ % af tekjum fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldi í 15%, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu. Er þessi breyting gerð í því skyni að efla aðstöðu fiskveiðasjóðs til þess að bæta úr framangreindri þörf.

Til þess að fiskveiðasjóður geti veitt lán til kaupa á aflvélum í báta, sem veðsettir eru stofnlánadeild sjávarútvegsins, er samhliða þessu frumvarpi flutt á Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, þar sem stofnlánadeildinni er heimilað að veita nauðsynleg veðleyfi.“